



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ÞJÓÐSKÁLDIN - ÍSLE3PS05

Kennsluáætlun vorönn 2018

Kennari:

Jón Özur Snorrason (JÖZ)

Áfangalýsing

Fjallað um hugtakið þjóðskáld í sögulegu og samtímalegu ljósi. Hvað er þjóðskáld? Hvernig verður það til? Af hverju þjóðskáld? Hver voru hin yfirlýstu íslensku þjóðskáld og hvaða tímabili bókmenntasögunnar tilheyra þau? Forkröfur áfangans eru að lágmarki 10 einingar í íslensku á 2. þrepi. Verkefni eru af fjölbreyttu tagi og verða unnin í töluðu og rituðu máli þar sem nemendur þjálfast í greiningu og túlkun bókmennta. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, metnað og virkni í námi. Lesnir verða margs konar bókmenntatextar, ljóð, sögur, smásögur og leikrit frá siðaskiptum 1550 til 1900. Gert er ráð fyrir leikhúsferð sem hluta af námsmati

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu stefnum í íslenskum bókmenntum frá siðaskiptum til um 1900
- mismunandi tegundum bókmennta frá siðaskiptum til um 1900
- helstu hugtökum tengdum ljóðmáli og ljóðalestri
- byggingu bókmenntaritgerða

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja og nota viðeigandi stílbrogð, orðatiltæki og vísanir í tali og ritmáli
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti túlkun sína á bókmenntatexta
- lesa sér til gagns allar gerðir ritaðs máls frá siðaskiptum til um 1900
- skilja og greina mismunandi sjónarmið í túlkun bókmenntatexta
- nýta fræðihugtök af öryggi í umræðu um bókmenntir

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel upp byggðan og grípandi texta
- velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður

- átta sig á samfélagslegum skírskotunum og geta greint undirtexta í bókmenntum
- tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum
- draga saman aðalatriði og beita gagnrýninni hugsun við lestur og túlkun og bókmennta
- sýna þroskað siðferði, víðsýni og samlíðan í túlkun sinni og umfjöllun um bókmenntir

Kennslubækur:

- Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir ofl. 2014. *Íslenska fjögur*. Forlagið.
- Jóhann Sigurjónsson. 2000.* *Fjalla-Eyvindur*. Forlagið. (*allar heildarútgáfur jafn gildar).
- Jón Thoroddsen. 2008.* *Piltur og stúlka*. Forlagið. (*allar heildarútgáfur jafn gildar).
- Efni á Múðlu og ýmiskonar ljósrít frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Vika	Námsefni	Lesefni / verkefni / próf
2. vika	Íslensk ljóðhefð og formgreining ljóða. Efni frá kennara. Hugtök um bragfræði, hrynjandi, rím og ljóðstafi. Kynning á bókmenntasögu.	Ljóðaverkefni / ljóðapróf. <i>Íslenska fjögur</i> bls. 11-23.
3. vika	Lærdómsöld og Guðbrandur Þorláksson. Hvað þýða skiðaskipti? Tíðarandi. Prentlist og útgáfa bóka. Veraldlegur og andlegur kveðskapur. Ferðabækur og galdrar. Spánverjavíg og Tyrkjarán. Valin skáld og verk.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 22-97 og glærur á múðlu. Verkefni úr bókmenntasögu.
4. vika	Ævi og verk Hallgríms Péturssonar.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 22-97 og glærur á múðlu. Verkefni og próf úr bókmenntasögu. Skáld valin til umfjöllunar í ritgerð.
5. vika	Upplýsingin og Eggert Ólafsson. Nytsemi, fræðsla og skynsemi. Skáldkonur og upphaf leikritunar. Ferðalýsingar og ævisögur.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 99-131 og glærur á múðlu.
6. vika	Tímajöfnum og ritgerðarvika. Ritstjórnarvinna fyrir ritgerð um valið skáld og verk þess.	Efni á múðlu og <i>Hagnýt skrif</i> .
7. vika	<i>Rómantík</i> 1830-1880. Hugmyndir og hetjuímynd. Þjóðernishyggja og þjóðskáld. Bjarni Thorarensen.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 133-163 og glærur á múðlu. Verkefni og próf úr bókmenntasögu.
8. vika	Kvennabókmenntir og alþýðuskáld. Bólu-Hjálmar, Vatnsenda Rósa, Sigurður Breiðfjörð, Guðný Jónsdóttir og Júlíana Jónsdóttir.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 164-176 og glærur á múðlu. Verkefni og próf úr bókmenntasögu.
9. vika	Jónas Hallgrímsson og Fjölnir.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 176-198

10. vika	Grímur Thomsen og Benedikt Gröndal.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 199-227.
11. vika	Matthías Jochumsson, Steingrímur Thorsteinsson og Kristján Fjallaskáld.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 241-227.
12. vika	Jón Thoroddsen og <i>Piltur og stúlka</i> .	Próf og verkefni.
13. vika	PÁSKAFRÍ.	Krossfesting og upprisa.
14. vika	Jón Thoroddsen og <i>Piltur og stúlka</i> .	Próf og verkefni.
15. vika	Jón Thoroddsen og <i>Piltur og stúlka</i> .	Próf og verkefni.
16. vika	<i>Raunsæi</i> 1880-1900. Læknar samfélagsins. Hannes Hafstein, Þorsteinn Erlingsson, Ólöf frá Hlöðum og Stephan G. Stephansson.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 241-247 og 295-317. Próf og verkefni.
17. vika	Raunsæi í íslenskum smásögum og Gestur Pálsson, Einar H. Kvaran og Torfhildur Hólm.	<i>Íslenska fjögur</i> bls. 258-294. Próf og verkefni.
18. vika	Nýrómantík, Jóhann Sigurjónsson og <i>Fjalla-Eyvindur</i> .	Próf og verkefni.
19. vika	Niðurstaða, samantekt og uppsóp.	Verkefni.

Hafið í huga . . .

Allir þurfa að skila **ritgerð um valið skáld og verk þess sem stenst lágmarkskröfur** (ekki undir 4,5 í einkunn). Ekki verður tekið við ritgerð eftir að skilafrestur rennur út nema samið hafi verið um slíkt og sérstakar ástæður komi til.

Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi. Skál bera þá ósk upp þegar mætt er á ný. Sjúkrapróf fara fram í næsta tíma eftir að nemandi mætir heill heilsu í skólann. Nýti nemandi ekki þann kost fær hann einkunnina núll. Stefnt er að leikhúsferð á önninni og heimsókn rithöfundar.

Námsmat

Námsþættir í vetrareinkunn	Vægi í vetrareinkunn
<i>Ritgerð</i> , drög, ritstjórn	25%
<i>Bókmenntasaga</i> , verkefni og próf	45%
<i>Piltur og stúlka</i> , próf og verkefni	20%
<i>Fjalla-Eyvindur</i> , próf og verkefni	10%
Samtals	100%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.
Selfossi 8. janúar 2018.

Jón Özur Snorrason.